

Alþingi
Erindi nr. P 140/2107
komudagur 8.5.2012



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
b/t. Benedikts S. Benediktssonar
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. maí 2012.

Efni: Frumvarp til laga um ökutækjatriggingar (733. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp, sem felur í sér heildarlög á sviði ökutækjatrigginga.

Viðskiptaráð gerir einkum athugasemdir við tvo þætti frumvarpsins, annars vegar ráðstöfun vantryggingargjalds og hins vegar brottfall hugtaksins umráðamaður.

Samkvæmt c. lið 1. mgr. 23. gr. frumvarpsins, sbr. 12. gr., skal vantrygginagjaldið renna í ríkissjóð. Að mati ráðsins er það frekar í samræmi við markmið ákvæðisins að gjaldinu verði ráðstafað til *Alþjóðlegra bifreiðatrygginga á Íslandi (ABÍ)* og verði þannig nýtt til að greiða bætur sem verða vegna tjóna af óváttrygðum ökutækjum og þar með draga úr kostnaði þeirra sem hafa váttryggingu.

Með afnámi hugtaksins umráðamaður er hætt við að ákveðnir annmarkar skapist í framkvæmd samninga eignaleigufyrirtækja. Stafar það af því að ein meginforsenda samninganna er að umráðamönnum ber skylda til að tryggja bifreiðarnar. Fyrir frekari rök við því að viðhalda hugtakinu umráðamaður í lögnum, sem og aðrar athugasemdir við frumvarp þetta, vísast til umsagnar SFF.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga en hvetur nefndina eindregið til að leggja til breytingar á því í samræmi við ofangreint.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarframkvæmdastjóri
Viðskiptaráð Íslands